

Aðalfundur hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis þann 27. september 2007 kl. 20.

Fundarstjóri Aðalbjörn Pálsson

Mættir úr stjórn, Aðalbjörn Pálsson, Ingibjörg Valdemarsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir

1. Ingibjörg formaður útnefndi Aðalbjörn fundarstjóra og Sædís ritara fundarins.
2. Formaður las skýrslu stjórnar og kynnti í henni helstu verkefni nefndarinnar á árinu.
3. Umræður um skýrslu stjórnar, voru fundarmenn almennt mjög jákvæðir í garð nefndarinnar og starfa hennar. Nokkrar umræður urðu um muninn á nefndinni í Hrísey og nefndum innanbæjar og voru skiptar skoðanir um málið.
4. Kosið í stjórn, þrjú varamenn hættu í stjórn, þeir Hermann Haraldsson, Aðalgeir Pálsson og Helgi Þorsteinsson. Í þeirra stað voru kosnir Sigfús Karlsson og Arnar Már Sigurðsson. Stjórnin fékk umboð fundarins til að finna þriðja varamanninn.
5. Önnur mál, rætt var um umferðarmál í hverfinu.
6. Kynning Helga Máls Pálssonar deildarstjóra framkvæmdadeildar Akureyrarkaupstaðar á Miðhúsabraut og þrengingu á Þingvallastrætis. Helgi kynnti legu Miðhúsabrautar, undirgöng undir götuna og tengingar hennar við núverandi vegakerfi. Einnig kynnti hann þær hugmyndir sem hafa vaknað um breytingar á Þingvallarstræti, breikkun gangstétta frá andapólli og uppúr og þrengingu götunnar frá Mýrarvegi að Skógarlundi.
7. Á eftir erindi helga voru opnar umræður um erindi Helga og voru skoðanir skiptar um ágæti Miðhúsabrautar sem og um breytingar á Þingvallarstræti.
8. Formaður þakkaði fólki komuna.

Fundi slitið um 10.